

15. ágúst 2007

Efni:

- REYKA - dagur
- Grindarhlið

KERHRAUNSFRETTIR

8. tbl. - 4. árg.

Við varðeldinn voru Kerhraunarar, palavú,

þeir voru og eru Kerhraunarar, palavú



Kæru Kerhraunarar

Þeir sem ekki komust á REYKA-kvöldið þurfa ekki að spyrja að því hvort það hafi verið gaman hjá okkur hinum, því þegar Kerhraunarar hittast þá er fjör eins og berlega kom í ljós á REYKA-deginum mikla sem brátt fer að ná hámarki eins og Fiskidagurinn-mikli á Dalvík og þessi kvöldstund er greinilega komin til að vera þrátt fyrir að formaðurinn þurfi nú að leggjast flöt og hugsa sinn gang varðandi veitingar.

Fólk fór að tynast niður á veg um kl. 20:00 og þegar þangað var mættur allstór hópur þá var lagt af stað gangandi upp í "GILIÐ" þar sem nokkrir stjórnarmenn höfðu hlaðið varðeld. Á leiðinni uppeftir dró Guðrún upp úr buxnastrængnum REYKA og upp úr úlpuvasanum hans Gunna (hennar Sóleyjar) dró hún upp sjússaglösin og frá þeirri mínútu var ekki aftur snúið því REYKA flaut nú um æðar fólks og gleðin tók öll völd.

Tendraður var eldur um kl. 21:00 og fólk skemmti sér við söng og drykk framundir miðnætti en þá var hópurinn farinn að þynnast en þó þáðu nokkrir veitingar og drykki rétt upp úr miðnætti hjá Hafsteini í rauða krúttlega húsinu rétt hjá "GILINU" og varð úr því hin mesta skemmtun og vill formaðurinn koma þeirri skoðun á prent að Hafsteinn eigi að hætta við að selja.

Niðurstaðan eftir þetta kvöld er sú að það er gott fyrir Kerhraunara að hittast svona annað slagið og ræða alvöru lífsins og gang mála í Kerhrauni og um leið móta þá stefnu sem við viljum fylgja eftir.

Stjórnin vill þakka öllum þeim sem lögðu leið sína í "GILIÐ" og vonast til að sjá sem flesta að ári liðnu.



Veit einhver hvar Hans er niðurkominn ?

Grindarhlið

Eins og flestir vita þá hefur ristarhliðið alls ekki verið til friðs og endalaust verið að keyra það niður og skekkja á undirstöðunum og sama má segja um hliðið sem er til hliðar að þrátt fyrir að það hafi verið tjaslað upp á þá þá hefur það líka verið skemmt og einhvern veginn virðist það vera skoðun þeirra sem eyðileggja þetta að láta ekki vita.

Stjórnarmenn eru þínu pirraðir yfir þessu því það er ekki sjálfgefið að við keyrum úr Reykjavík til að reka út rollur og gera við hliðið.

Það keyrði um þverbak í síðustu viku þegar 11 rollur stormuðu inn um hliðarhliðið og óðu um allt landið í leit að nammi. Það vildu svo vel til að nokkrir Kerhraunar voru á svæðinu og náðu að reka þær aftur út um hliðið og gerðu svo við það og eiga þeir þakkir skilið fyrir framtakið.

Jafnvel þó að kaup á nýju hliði hafi ekki verið á dagskrá þetta árið taldi stjórnin að það væri nauðsynlegt að laga þetta ástand og festi kaup á nýju fullkomnu ristarhliði (sjá mynd, nema ekki með þverslá yfir rist sem þó má koma fyrir seinna og þá jafnvel með skynjara) og mun þessu hliði verða komið fyrir á næstu dögum. Þetta hlið verður svo fært niður á sléttuna þegar nýja girðingin verður sett upp.



Það mun taka 2-3 tíma að koma hliðinu fyrir og rífa undirstöðurnar á gamla hliðinu burtu en við munum senda tölvupóst um framkvæmdina þegar nær dregur til að menn geti hagað ferðum sínum í Kerhraunið eftir framkvæmdinni, enda verður ekki hægt að keyra inn eða út af svæðinu meðan á þessu stendur.

Hafi einhver eitthvað við þetta að athuga getur viðkomandi hringt í Guðrúnu, gsm 896-4437.

Fyrirspurn

Það kom fyrirspurn frá Kerhraunara hvort fólk væri sátt við:

Umganginn á svæðinu og einnig hvort mætti setja inn á heimasíðuna link "Söluhorn" þar sem Kerhraunara gætu auglýst.

Gaman væri að fá viðbrögð við þessu.